

Reykjavík 21 apríl 2017.

Góðan daginn.

Langar að koma á framfæri minni afstöðu vegna umrædds frumvarps, en ég á lítið fyrirtæki sem á einn bíl og er eini starfsmaðurinn. Vinn mest sem undirverktaki hjá öðrum stærri ferðaskrifstofum.

Þegar VSK var settur á þessa grein fyrir rúmu ári síðan, þá tókum við flestir kollekarnir á okkur umrædda hækkun. Við gátum sem sagt ekki varpað henni beint út í verðlagið. Og ef VSK á að hækka enn meira nú, þá er það einsýnt að við getum því miður ekki hækkað verðskrá okkar. Styrking krónunnar hefur séð til þess að ferðir okkar eru nú þegar orðnar ansi dýrar.

Ferðaþjónustan er ung grein, á margt eftir ólært, en þessi hækkun verður bara til þess að fyrirtæki muni hætta starfssemi, verða gjaldþrota, eða að menn fari í þann leik að ná beint til kúnnans án milligöngu td ferðaskrifstofu og freistast þannig til að ná í beinharða peninga. Og þá erum við í enn verri málum en nú þegar er.

Ef menn hafa áhyggjur af því að ferðaþjónustuaðilar séu nú þegar að stela undan skatti, þá þarf einfaldlega að efla eftirlit. Þeir sem gera það nú þegar, verða jafn ósýnilegir þótt VSK sé hækkaður.

Bestu kveðjur
Palli.

Jópal ehf
Hæðarseli 16
109 Reykjavík
kt 610597-2389

Páll Halldór Halldórsson
www.rallypalli.is